Reykjavík, 24. júní 2018
R18060085
HBL/bþ

Forsætisnefnd

***Tillaga um stofnun menningar-, íþrótta- og tómstundaráð***

Á fundi borgarstjórnar þann 19. júní 2018 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt:

> Borgarstjórn samþykkir að stofna menningar-, íþrótta- og tómstundaráð. Ráðið fari með verkefni menningar- og ferðamálaráðs og íþrótta- og tómstundaráðs að ferðamálum undanskildum sem færast nú undir borgarráð. Ráðið verður í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir ráðið í samráði við menningar- og ferðamálasvið og íþrótta- og tómstundasvið sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum menningar- og ferðamálaráðs og íþrótta- og tómstundaráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Stjórnarandstaðan (flokkar D, M, J og F) telur að eðlilegra væri að fella niður núverandi ráð áður en farið er í að stofna ný ráð með sambærileg hlutverk.

Helga Björk Laxdal
e.u.